



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um gerð stefnu um verndun og velferð

Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Íþróttapening haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna heildstæða stefnu um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni. Við vinnu stefnunnar skal stuðst við drög að stefnu sem fylgja þessari tillögu og þau höfð til hliðsjónar við endanlega mótun stefnunnar.

Stefnan skal lögð fyrir formannafund árið 2025 og skal stefnt að því að hún verði samþykkt þar. Að fenginni samþykkt skal hefja innleiðingu stefnunnar og vinna eftir henni innan íþróttahreyfingarinnar. Stefnan verður lögð fyrir næsta Íþróttapening árið 2027 til loka staðfestingar.

Greinargerð:

Alþjóða Ólympíunefndin (IOC) hefur lagt mikla áherslu á verndun og velferð (e. safeguarding) innan íþróttahreyfingarinnar undanfarið. Það sést meðal annars í nýútgefinni consensus statement frá IOC um ofbeldi og áreitni í íþróttum og mikilli áherslu IOC á fræðslu um málaflokkinn til stjórnenda, iðkenda og þjálfara innan íþróttahreyfingarinnar.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur alltaf haft velferð íþróttafólks að leiðarljósi og mikil og góð vinna farið fram í gegnum tíðina í tengslum við málaflokkinn. Má þar til dæmis nefna stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga, hegðunarviðmið ÍSÍ, fræðslubækling um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í íþróttum, fræðslu um heilahristing og fleira.

Það hefur þó ekki verið til skýr stefna af hálfu ÍSÍ í málaflokknum og þó margt sé vel gert má alltaf gera betur. Í ljósi umræðunnar og áherslu IOC á málaflokkinn og annars staðar innan íþróttahreyfingarinnar er æskilegt að íþróttahreyfingin á Íslandi sé með skýra stefnu hvað varðar verndun og velferð innan hreyfingarinnar.

Stefna ÍSÍ um verndun og velferð

Drög – maí 2025

1. Inngangur

Markmið þessarar stefnu er að auka þekkingu innan íþróttahreyfingarinnar um verndun og velferð í íþróttum (e. *safeguarding*), þ.m.t. um ofbeldi, áreitni og einelti. Jafnframt að stuðla að því að öllum séu kunnugt með hvaða hætti er hægt að bregðast við þegar verndun og velferð er ábótavant.

Alþjóða Ólympíunefndin (IOC) hefur skilgreint verndun og velferð sem allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem snúa að því að koma í veg fyrir og bregðast við ofbeldi, áreitni og einelti í íþróttum á viðeigandi hátt, ásamt því að stuðla að velferð íþróttafólks á heildrænan hátt.

Þessi stefna nær til allra þeirra sem koma að skipulögðu íþróttastarfi undir merkjum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, hvort sem um er að ræða starfsfólk, sjálfboðaliða eða iðkendur.

2. Skilgreiningar og lykilhugtök

Barn eða ungmenni: Þátttakandi/iðkandi sem er undir 18 ára aldri.

Viðkvæmur einstaklingur: Einstaklingur sem vegna viðkvæmrar stöð getur verið í aukinni hættu á að verða fyrir einhverskonar skaða, t.d. vegna aldurs, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, þjóðernis, fötlunar, veikinda eða félagslegrar stöðu.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til eða getur leitt til líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Líkamlegt ofbeldi: Líkamlegt ofbeldi er þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Dæmi um líkamlegt ofbeldi er að kýla, kyrkja, sparka, klóra, bíta og toga í hár.

Andlegt ofbeldi: Andlegt ofbeldi getur verið í formi orðaskipta, líkamstjáningar eða hunsunar. Dæmi um andlegt ofbeldi eru samskipti sem einkennast af niðurlægingu, markvissu niðurbroti einstaklings, ómanneskjulegri framkomu, ofsóknum, öskri, hótunum, ógnum, útilokun eða langvarandi þögn. Andlegt ofbeldi er oft notað til að stjórna öðrum.

Stafrænt ofbeldi: Stafrænt ofbeldi er þegar ofbeldi er beitt í gegnum síma, tölvu, samfélagsmiðla eða á annan stafrænan hátt. Slíkt ofbeldi getur meðal annars falið í sér áreitni, hótanir, dreifingu á persónulegum gögnum, ljósmyndum eða myndböndum án samþykkis. Dæmi um stafrænt kynferðisofbeldi er þegar teknar eru myndir af fáklæddum eða nöktum einstaklingi án vitundar hans og þær birtar eða þeim dreift, að senda óviðeigandi kynferðislegt myndefni í óþökk viðkomandi, að falska kynferðislegt myndefni af öðrum eða senda áfram mynd sem einstaklingur hefur sent í trúnaði.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Dæmi um slíkt getur t.d. verið að gera lítið úr afrekum kvenna í íþróttum eða kalla einstakling homma í þeim tilgangi að niðurlægja viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáningar þess sem fyrir því verður, en einnig hótun um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Kynferðislegt ofbeldi: Hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Sem dæmi má nefna óvelkomna snertingu, káf eða þukl utan klæða sem innan og nauðgun. Orðbragð sem er klámfengið eða klúrt og hótanir um að beita kynferðislegu ofbeldi.

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa, hunsa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Neteinelti: Neikvætt áreiti sem valdið er af ásettu ráði af einum aðila eða hópi fólks gagnvart öðrum einstaklingi með rafrænum hætti. Um er að ræða áreiti sem getur falið í sér valdaójafnvægi og misbeitingu á valdi í gegnum hvers konar upplýsinga- og samskiptatækni.

Vanræksla: Skortur á nauðsynlegri umönnun og aðbúnaði barns sem getur leitt til skaða eða er líklegur til að leiða til skaða varðandi þroska þess. Vanrækslu er hægt að flokka í tilfinningalega vanrækslu, líkamlega vanrækslu eða vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða nám. Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barns er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti. Þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla.

Hazing (Busun): Móðgandi vígsluathafnir sem hafa oft kynferðislegar hliðar þar sem nýliðar eru skotmörk liðsfélaga. Með busun eru nýir liðsmenn „vígðir“ inn í lið eða hóp og verða eftir busunina samþykktir sem fullgildir meðlimir. Busun á sér oft stað þar sem skortur er á eftirliti fullorðinna, í tengslum við áfengisneyslu og felur oft í sér óæskilega kynferðislega virkni.

Tæling (Grooming): Þegar einstaklingur í valdastöðu beitir mismunandi aðferðum til að byggja upp traust hjá viðkvæmum aðila með skipulögðum hætti í þeim tilgangi að venja viðkomandi við skaðlega/óæskilega hegðun með kynferðislega misnotkun að markmiði. Tæling getur átt sér stað yfir langan tíma, jafnvel nokkur ár. Algengt er að fólk noti netið til að tæla einstakling eða reyni að öðlast traust hjá aðilum nákomnum viðkomandi. Það eykur líkur á því að gerandinn geti hitt viðkomandi í einrúmi án þess að aðrir hafi áhyggjur.

Misnotkun (exploitation): Með misnotkun í tengslum við íþróttastarf er átt við að einstaklingur í viðkvæmri stöðu verði fyrir ósanngjörnum kröfum eða sé settur í aðstæður sem geta haft neikvæð áhrif á líðan hans eða velferð. Sem dæmi um slíkt eru smánarlega lág laun fyrir mikið framlag, óhóflegt æfingaálag á kostnað andlegrar og líkamlegrar heilsu, ósanngjarnir samningar o.fl. Undir misnotkun fellur einnig kynferðisleg misnotkun (e. *sexual exploitation*) þar sem t.d. manneskja í valdastöðu býður iðkanda betri kjör, sæti í liði, betri þjónustu eða annað í staðinn fyrir kynferðislegan greiða.

Áfallamiðuð nálgun: Áföll geta haft langvarandi líkamlegar, sálrænar og félagslegar afleiðingar fyrir einstaklinga og byggir áfallamiðuð nálgun (e. *trauma informed approach*) á því að skilja, viðurkenna og taka tillit til algengi áfalla og þeirra áhrifa sem áföll geta haft á fólk. Í áfallamiðaðri nálgun er lögð áhersla á að skapa öruggt umhverfi sem ýtir ekki undir áfallaviðbrögð hjá einstaklingum. Dæmi um áfallamiðaða nálgun er t.d. þegar barn leitar stuðnings hjá þjálfara vegna eineltis innan liðsins og þjálfari bregst við með því að hlusta á barnið, viðurkenna það sem gerðist og beina málinu í réttan farveg. Þar sem áfallamiðuð nálgun er ekki höfð í huga gæti þjálfari til dæmis brugðist við með því að segja barninu að „hrista þetta bara af sér“ og halda áfram á æfingunni sem getur haft neikvæðar og jafnvel alvarlegar afleiðingar fyrir barnið.

Ofþjálfun: Ástand þar sem einstaklingur nær ekki að jafna sig milli æfinga vegna óhóflegs og/eða langvarandi álags án nægilegrar hvíldar og/eða næringar. Þetta getur m.a. leitt til verri frammistöðu, mikillar þreytu, hormónabreytinga, langvarandi verkja og aukinnar hættu á meiðslum og líkamlegum og andlegum veikindum.

3. Stefnuyfirlýsing

ÍSÍ leggur áherslu á öruggt og heilbrigt umhverfi fyrir alla þá sem taka þátt í starfsemi þess, sambandsaðila og íþróttafélaga. Sambandið skuldbindur sig til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja ofbeldi, vanrækslu og aðra skaðlega hegðun og bregðast skjótt og faglega við ef upp koma áhyggjur eða ábendingar um slíkt.

Velferð íþróttafólks skal vera í forgrunni í allri þeirri vinnu sem fer fram í íþróttahreyfingunni og skal í því samhengi huga vel að forvörnum gegn ofbeldi og áreitni. Í þessari stefnu um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni er lögð áhersla á að þátttakendur í íþróttastarfi fái fræðslu um málaflökkinn og viti hvert þau geta leitað þegar upp koma mál.

Stefnan nær til allra sem koma að starfsemi ÍSÍ, sambandsaðila og íþróttafélaga, þar með talið iðkenda, þjálfara, starfsfólks og annarra sem tengjast starfi eða verkefnum á vegum ÍSÍ á einn eða annan hátt.

4. Hlutverk og ábyrgð

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar. Öll þau sem að íþróttastarfi koma bera ábyrgð á að stuðla að verndun og velferð í sínu nærumhverfi. Mikilvægt er að öll skilji sitt hlutverk og þá ábyrgð sem á þeim hvílir og því ættu eftirfarandi aðilar innan íþróttahreyfingarinnar að uppfylla eftirfarandi kröfur.

Sérsambönd tryggi öruggt og uppbyggilegt umhverfi fyrir alla þátttakendur í sinni starfsemi og innleiði viðeigandi verklag og ráðstafanir í samræmi við stefnu ÍSÍ um verndun og velferð. Þau tilnefni fulltrúa úr hópi starfsfólks eða stjórnar sem ber ábyrgð á málaflökknum verndun og velferð. Viðkomandi hafi góða þekkingu á málaflökknum og geti beint málum sem upp koma í réttan farveg.

Íþróttahéruð í samvinnu við svæðisstöðvar sjá til þess að fræðslu í tengslum við málaflökkinn sé fylgt eftir hjá aðildarfélögum og að málum sem upp koma sé beint í réttan farveg. Ekki er ætlast til þess að tekið sé á málum innan íþróttahéraða heldur að það sé skýrt í hvaða farveg skal beina málum komi þau upp.

Íþróttafélög tilnefni einn fulltrúa úr hópi starfsfólks eða stjórnar sem ber ábyrgð á málaflökknum. Viðkomandi sér til þess að fræðslu í tengslum við málaflökkinn sé fylgt eftir og að málum sem upp koma sé beint í réttan farveg. Ekki er ætlast til þess að viðkomandi vinni málið sjálfur heldur sé meðvitaður um þær leiðir sem hægt er að fara komi þau upp. Þar að auki er mikilvægt að félag sjái til þess að iðkendur séu upplýstir um þær leiðir sem hægt er að fara verði þau fyrir ofbeldi, einelti eða áreitni, innan eða utan íþróttar.

Þjálfarar skapi öruggt, uppbyggilegt og hvetjandi æfingaumhverfi. Séu vakandi fyrir aðstæðum sem gætu bent til vanlíðunar, vanrækslu eða annarra skaðlegrar hegðunar og bregðist við á viðeigandi hátt. Þeir sækja fræðslu um verndun og velferð í íþróttastarfi og sjái til þess að iðkendur séu upplýstir um mikilvægi góðra samskipta, virðingar og góðrar menningar innan liðsins.

Starfsfólk innan íþróttahreyfingarinnar fræðist um verndun og velferð í íþróttum, þekki hegðunarviðmið ÍSÍ og tilkynni atvik sem það verður vitni að eða fær ábendingu um til viðeigandi aðila. Þá er það upplýst um það verklag sem unnið er eftir þegar mál sem þessi koma upp. Þannig stuðlar það að öruggu og uppbyggilegu umhverfi í íþróttum.

Sjálfbóðaliðar taki þátt í að stuðla að öruggu og uppbyggilegu umhverfi í íþróttum með því að meðvitaðir um mikilvægi verndunar og velferðar í íþróttastarfi, þekki hegðunarviðmið ÍSÍ og tilkynni til viðeigandi aðila um áhyggjur og atvik sem þeir verða vitni að eða fá vitneskju um. Þegar vísað er til sjálfbóðaliða í þessari stefnu er átt við sjálfbóðaliða sem treyst er fyrir börnum og ungmennum (til dæmis í ferðalögum) eða sjálfbóðaliða sem taka að sér ábyrgðarstöður innan íþróttahreyfingarinnar.

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Iðkendur í íþróttastarfi hjálpist að við að stuðla að góðri og uppbyggilegri menningu í sínum æfingahóp og félagi. Æskilegt er að iðkendum sé boðin fræðsla við hæfi aldurs og séu upplýstir um það hvert þeir geta leitað komi upp mál.

5. Lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við

Stefna þessi tekur mið af íslenskum lögum og reglugerðum sem lúta að réttindum, velferð og vernd íþróttafólks. Þar á meðal eru:

- Barnaverndarlög nr. 80/2002, sem leggja áherslu á vernd barna og ungmenna.
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940, einkum ákvæði sem varða ofbeldi, áreitni og brot gegn friðhelgi einkalífs.
- Íþróttalög nr. 64/1998, sem kveða á um skipulag og markmið íþróttastarfs hér á landi.
- Lög um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019, sem tryggja aðgengi að óháðum aðila til aðstoðar og leiðbeininga vegna samskiptavanda og áreitni innan íþróttar- og æskulýðsstarfs.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020
- Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018, sem miða að því að koma í veg fyrir mismunun á vinnumarkaði, m.a. á grundvelli kyns, kynhneigðar, kynþáttar eða fötlunar.
- Persónuverndarlög nr. 90/2018, sem vernda rétt einstaklinga til friðhelgis einkalífs og meðferðar persónuupplýsinga.
- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, sem kveður á um skyldur vinnustaða til að fyrirbyggja og bregðast við slíkum brotum.

ÍSÍ starfar einnig í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist og viðmið og leiðbeiningar alþjóða íþróttahreyfingarinnar. Þar með er tryggt að vernd og velferð íþróttafólks samræmist alþjóðlegum mannréttinda- og íþróttasamningum, og að gætt sé að heildstæðum og faglegum vinnubrögðum á öllum sviðum íþróttastarfs.

Loks tekur stefnan mið að reglum, viðmiðum og stefnum sem íþróttahreyfingin sjálf hefur sett sér. Þar á meðal eftirfarandi:

- Siðareglur ÍSÍ
- Hegðunarviðmið ÍSÍ
- Jafnréttisstefna
- Viðbragðsáætlun vegna ofbeldis, áreitni og eineltis í íþróttum

6. Ráðstafanir til að tryggja verndun og velferð

Til þess að stuðla að verndun og velferð innan íþróttahreyfingarinnar hefur ÍSÍ innleitt eða mun innleiða eftirfarandi ráðstafanir.

Verndun á íþróttaviðburðum

Við undirbúning íþróttaviðburða er mikilvægt að öryggi og að velferð þátttakenda (keppenda, þjálfara, sjálfboðaliða og starfsfólks) sé höfð að leiðarljósi. Það fer eftir eðli íþróttagreinarinnar og aðstæðum hverju sinni að hverju þarf að huga sérstaklega. Það er þó mikilvægt að huga að eftirfarandi á öllum skipulögðum íþróttaviðburðum, óháð íþróttagrein:

- Ganga úr skugga um að öll aðstaða sé örugg keppendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og áhorfendum.
- Að sjúkrataska með algengum sjúkrabúnaði sé til staðar, til dæmis plástrum, sótthreinsandi og kælipokum.

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

- Að aðgengi sé að salerni fyrir keppendur af öllum kynjum ásamt aðstöðu til að hreinsa hendur.
- Að hjartastuðtæki sé á svæðinu.
- Að aðkoma sjúkrabifreiða sé greið.

Sé um gistimót að ræða er mikilvægt að mótshaldarar tilgreini einn ábyrgðaraðila á vegum mótsins sem þátttakendur geta leitað til komi upp alvarleg eða viðkvæm mál, t.d. ofbeldis-, áreitni- eða eineltismál. Hlutverk viðkomandi er að taka á móti málum og beina þeim í réttan farveg. Því er mikilvægt að sá aðili þekki stefnu þessa ásamt viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa. Æskilegt er að viðkomandi hafi fengið þjálfun/fræðslu í áfallamiðaðri nálgun.

Öruggar ráðningar

Tryggjar og faglegar ráðningar eru lykilatriði í öruggu umhverfi innan íþróttahreyfingarinnar. Markmiðið er að tryggja velferð allra sem taka þátt, sérstaklega barna og ungmenna.

Æskilegt er að afla alltaf meðmæla við ráðningar frá aðilum sem hafa átt bein samskipti við umsækjanda. Séu meðmæli óljós ætti að leita frekari upplýsinga. Séu göt í ráðningarsögu umsækjanda ætti að óska skýringa á þeim. Í þeim tilfellum sem ekki er hægt að staðfesta starfsreynslu er gott að afla nánari upplýsinga um forsögu umsækjenda.

Samkvæmt lögum ÍSÍ má ekki velja einstaklinga eða sjálfboðaliða til starfa innan íþróttahreyfingarinnar sem hlotið hafa dóm samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga (nr.19/1940) um kynferðisbrot eða hafa á síðustu fimm árum hlotið dóm samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni (nr.65/1974).

Til að tryggja að þetta skilyrði sé uppfyllt þarf því að afla sakavottorðs fyrir öll störf innan íþróttahreyfingarinnar og við val á sjálfboðaliðum, sérstaklega þeim sem vinna náið með börnum og ungmennum. Einstaklingur getur heimilað að upplýsinga um sakavottorð hans sé aflað hjá ríkissaksóknara (sjá nánar leiðbeiningar á heimasíðu samskiptaráðgjafa) eða óskað sjálfur eftir afriti af sakavottorði sínu á island.is gegn greiðslu gjalds.

Eins mikilvægt og það er að afla sakavottorðs áður en einstaklingur er ráðinn til starfa innan íþróttahreyfingarinnar þá þarf að hafa í huga að hreint sakavottorð er ekki trygging fyrir því að viðkomandi hafi ekki eða muni ekki brjóta af sér.

Kynna skal öllum sem starfa innan hreyfingarinnar siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ og æskilegt er að óska eftir skriflegri staðfestingu frá starfsfólki, sjálfboðaliðum í ábyrgðarstöðum og íþróttafólki um að þau hafi kynnt sér þessi skjöl.

Hegðunarviðmið

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur gefið út [hegðunarviðmið](#) sem þátttakendur innan íþróttahreyfingarinnar ættu að þekkja og starfa eftir. Það er í höndum sambandsaðila ÍSÍ og íþróttafélaga að kynna hegðunarviðmiðin fyrir sínum iðkendum, starfsfólki og sjálfboðaliðum, til dæmis á liðsfundum, setja á heimasíðu og nota sem hluta af starfssamningum.

Fræðsla

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands leggur áherslu á að fræðsla um verndun og velferð verði aðgengileg öllum. Æskilegt er að allir þjálfarar og aðrir sem vinna náið með börnum og ungmennum taki námskeiðin [Verndum þau hjá Æskulýðsvettvangnum](#). Auk þess stefnir ÍSÍ á að bjóða upp á fræðslu um aðra þætti verndunar og velferðar.

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

Mikilvægt er að sérsambönd hvetji sín aðildarfélög til þess að sinna fræðslu og verður að lágmarki hægt að nýta fræðslu sem Æskulýðsvettvangurinn og ÍSÍ býður upp á. Æskilegt er að sérsambönd setji kröfur á sín aðildarfélög um að aðilar sem vinna beint með íþróttafólki, sérstaklega börnum og ungmennum, fá fræðslu um þennan málaflokk.

Álagsstýring

Forvarnagildi íþróttar hefur margsannað sig og þekkt er að íþróttaiðkun barna- og ungmenna spilar mikilvægan þátt í bættri heilsu, aukinni félagslegri færni og jákvæðri sjálfsmynd ungmenna. Í gegnum íþróttaiðkun þroskast ungmenni ekki einungis sem íþróttafólk, heldur einnig sem einstaklingar sem eru að læra að takast á við á lífið. Sum ungmenni halda áfram sinni íþróttaiðkun fram á fullorðinsár og sum fara jafnvel alla leið út í afreksmennsku. Hvort sem stefnt er á afreksmennsku eða ekki þá er mikilvægt að velferð íþróttafólks sé höfð að leiðarljósi í allri þeirri vinnu sem fer fram innan íþróttahreyfingarinnar.

Þegar ungmenni sýna snemma mikla hæfileika er mikilvægt að þjálfarar, foreldrar og aðrir sem að íþróttaiðkun þeirra koma stilli æfinga- og keppnisálag þannig að það sé við hæfi aldurs, getu og þroska. Ungmenni sem æfa og keppa of mikið, of snemma, og eru jafnvel að keppa í fleiri en einni íþróttagrein eða fleiri en einum flokki eiga í hættu á að lenda í ofþjálfun, meiðslum og eða brenna út líkamlega eða andlega vegna of mikils álags. Það er því ekki einungis hagur iðkendanna sjálfra að vernda þau gegn of miklu álagi, heldur íþróttanna í heild.

Tilkynningar og rannsóknir mála

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs starfar sjálfstætt og óháð íþróttahreyfingunni samkvæmt lögum nr. 45/2019. Markmið laganna er að íþróttar- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, ungmenni og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Öllum málum sem varða ofbeldi og misnotkun af einhverju tagi skal vísað til samskiptaráðgjafa. Mál sem varða samskiptavanda og mögulegt einelti skal skoða fyrst innan félags. Sé um einelti að ræða skal samskiptaráðgjafa tilkynnt um málið en samskiptavandi skal leystur innan félagsins.

Tilkynningaskylda til barnaverndar er m.a. í eftirfarandi tilvikum:

- Ofbeldi gegn barni hvort sem er líkamlegt, kynferðislegt eða tilfinningalegt.
- Áhættuhegðun barns sem felur m.a. í sér neyslu áfengis og vímuefna, sjálfsskaða eða ofbeldi gagnvart öðrum eða afbrot.
- Vanræksla sem getur til dæmis verið þegar þörfum barns er ekki fullnægt vegna sinnuleysis forsjáraðila (linka inn á annað til að sjá nánar?)

Viðurlög

ÍSÍ stefnir að því að innleiða breytingar á lögum sambandsins þar sem sambandsaðilum verður gert skylt að innleiða skýr viðurlagaákvæði vegna brota á lögum og reglum sambandsaðila og ÍSÍ. Mikilvægt er að viðurlögin hafi tengingu við siðareglur eða hegðunarviðmið.

ÍSÍ mun gefa út málsmeðferðarreglur fyrir íþróttafélög til að vernda réttindi aðila og tryggja réttláta málsmeðferð.

77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

Þagnarskylda

Öll þau sem koma að starfi í íþróttahreyfingunni og er treyst fyrir viðkvæmum upplýsingum eða á annan hátt komast að viðkvæmum upplýsingum skulu gæta trúnaðar og gera sitt besta við að koma málum í réttan farveg. Undantekning á þagnarskyldu er lögbundin tilkynningarskylda sbr. 2. mgr. 17. gr. barnaverndarlaga.

Hvert get ég leitað?

Eftirfarandi eru aðilar sem hægt er að hafa samband við án endurgjalds teljir þú þig þurfa aðstoð eða stuðning í tengslum við ofbeldi, áreitni eða einelti:

- *Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs*
- *Stígamót*
- *Bjarkarhlíð*
- *Kvennaathvarf*
- *Neyðarmóttaka*
- *Neyðarlínan-112*
- *Barnaverndarþjónustur*

7. Endurskoðun

Stefna þessi um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni skal vera til umfjöllunar á Íþróttaráðingi ÍSÍ hverju sinni.

Við endurskoðun er æskilegt að hafa samráð við Íþróttamannanefnd ÍSÍ og Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.